

1858.

1. júlí.

19. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um kosningar til alþingis.

Þér hafð, herra stiptamtmaður, spurt oss í bréfi 4. f. m., hvort þér ætíð að hlutast nokkuð til um kosningar til alþingis í sumar, þótt svo kynni verða, að kjörstjórar sæi eigi ráð fyrir þeim í tæka tíð. Þessu svörum vör á þá leið, að eptir tilskipun 8. marz 1843, sbr. einkum 14., 17. og 24. gr., er tilskipun 6. janúar 1857 hefir í engu breytt, þá er það skylda bæjarfógetans í Reykjavík og sýslumanna, sem kjörstjórar eru í sinni sýslu hverr, að sjá svo um kosningar sem þarf, án þess þeir sé hvattir til þess á nokkurn hátt; en líti nú út til þess að kjörstjórar ætli að gleyma þessari skyldu sinni, þá viljum vör fela yður á vald, herra stiptamtmaður, að minna þá á lagagreininir þær, eru nú voru nefndar.

6. júlí. **20. Auglýsing um að skip, sem eiga heima í konungsríkinu Niðurlöndunum og fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, sé undanþegin að greiða 2 rd. aukagjald það af hverju dönsku lestarrúmi, sem ákveðið er í konunglegum úrskurði 1. apríl. 1856.**

Eptir samningi, sem gjörður er milli konungsríkisins Danmerkur og konungsríkisins Niðurlandanna, eru þau skip, sem eiga heima í síðarnefndu konungsríki og fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, undanþegin að greiða 2 rd. aukagjald það af hverju dönsku lestarrúmi, sem ákveðið er í konunglegum úrskurði 1. apríl 1856., sem birtur er með auglýsing frá stjórn dómsmálanna, dagsettri 2 sama mánaðar.

Þetta gefst hérmeð öllum hlutaðeigendum til vitundar.

23. júlí. **21. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um fæðingarhúsið í Vestmannaeyjum.**

Þér hafð nú, herra stiptamtmaður, ritað oss 21. apríl í vor álit yðart um bónarbréf nokkura Vestmanneyinga, og sent

oss aptur bónarbréfið, þar er þeir beiddust, að fæðingarhúsið þar á eyjunum yrði af tekið og áhöld öll seld. Þessu máli viljum vér svara á þá leið, sjálfum yður til eptirsjónar, en beidendum til auglýsingar, að dómsmálastjórnin verður, með ráði hins konúnglega heilbrigðisráðs, er spurt hefir verið um málið, að álíta það réttast, að hætt sé að nota fæðingarhúsið fyrst um sinn, en þó sé eigi áhöldin seld.

1858.
23. júlí.

22. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í 27. júlí. vesturumdæminu, um fiskiver Frakka.

Þér hafið, herra amtmaður, ritað oss 4. maí í vor, og skýrt oss frá, að Frakkar hafi enn að nýju reynt til að koma upp fiskiveri á Íslandi, því frakkneskt skip hafi komið þess erindis nú í vor inn á Grundarfjörð; þér hafið og lýst fyrir oss, hversu þér hafið til bráðabyrgðar svarað gjörðarmanni á skipinu því er hann spurði yður, hvort hann gæti fengið borgararéttindi á Íslandi, til þess að kaupa sér land á Grundarfirði og setja þar fiskiver sumarið 1859. Þá hafi þér og beiðzt, að nú í sumar yrði sent herskip til Íslands frá Danmörku, til að hafa gætur á um framferði Frakka og styrkja yfirvöldin til að afstýra yfirgangi þeirra, og að lagt væri niður fyrir yfirvöldunum, með hverjum skilmálum þau mætti veita Frökkum borgarétt á Íslandi til að verka þar saltfisk og flytja hann þaðan.

Vér höfum nú snúið oss að herflotastjórninni um sending herskips til Íslands, og munuð þér fá svar það síðar; en um hitt, er þér beiðizt, skulum vér nú svara á þessa leið.

Frá því er sagt í tilskipun 17. nóvember 1786, 7. gr., sbr. 6. gr., með hverjum skildaga utanríkismenn geti öðlazzt borgarétt í verzlunarstöðum á Íslandi. Eigi verður heimitað eptir greinum þessum, sem þér, herra amtmaður, hafið þó ætlað, að maður skuli leystur af þegnskyldu sinni við utanríkiskonúng, áður hann geti náð borgarétti á Íslandi, sbr. einnig tilsk.